

3. gr.

Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 140,00.

4. gr.

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 69,00 hjá þeim sem biður um vottorð vegna endurgreiðslu tolla.

5. gr.

Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti í þar til gerðar bækur sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr. skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 275 25. apríl 1983, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

Samgönguráðuneytið, 5. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 270

REIKNINGUR**Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1983.****Rekstrarreikningur fyrir árið 1983.**

Gjöld:

Ýmis kostnaður, prentun o. fl.	kr. 77 942,00
Styrkveitingar 1983	1 823 000,00
Tekjur til ráðstöfunar 1986 skv. 5. gr.	1 500 000,00
Tekjur lagðar við höfuðstól	2 058 907,00
	<hr/>
	5 459 849,00

Tekjur:

Arður af hlutabréfum E.Í.	kr. 456,00
Samúðarskeyti Landsímans kr. 2 646 079,71–15% til F.Í.S. 396 912,98 ..	2 249 166,73
Aðrar minningargjafir	11 840,00
Vaxtatekjur og verðbætur	3 198 386,27
	<hr/>
	5 459 849,00

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1983.

Eignir:

Innstæða á ávísanareikning	125 799,16	
Innstæða á verðtr. og vaxtaaukareikn.	7 340 477,05	
Spariskírteini:		
1. fl. 74c 1136—40 2 500		
1. fl. 75 c 10461—65 2 500		
1. fl. 76c 1363—921 15 000	20 000,00	
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	4 560,00	
Áfallnir vextir af spariskírteinum	5 227,74	
		<hr/>
		7 496 063,95

Skuldir:

kr.

Til ráðst. skv. 5. gr. skipulagsskrár frá fyrra ári	785 000,00	
af tekjum 1983	1 500 000,00	
		<hr/>
		2 285 000,00
Höfuðstóll 1. jan. 1983	3 152 156,95	
Lagt v. höfuðstól 31. des. 1983	2 058 907,00	
		<hr/>
		5 211 063,95
		<hr/>
		7 496 063,95

Athugasemd:

Verðtryggt spariskírteini ríkissjóðs eru færð á nafnverði.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum er verðgildi bréfanna 31. des. 1983 pr. 100 kr. sem hér segir:

- 1. fl. 74 4 852,06
- 1. fl. 75 3 997,85.
- 1. fl. 76 2 854,99.

Verðtrygging verður tekjufærð við innlausn bréfanna vegna skiptingar milli höfuðstóls og fjár til ráðstöfunar skv. 5. gr. skipulagsskrár.

Reykjavík, 31. janúar 1984.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum farið yfir reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi bankareikninga og fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 14. febrúar 1984.

Ólöf Pétursdóttir.

Vilborg Gunnlaugsdóttir.